

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 23

5. árgangur

11.6.1998

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/23/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1124 - Maersk Air/LFV Holdings) ..... 1
98/EES/23/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/JV.3 - BT/AirTouch/Grupo Acciona/Airtel) ..... 2
98/EES/23/03	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/F-1/37.018 - Tamrock-Caterpillar) ..... 3
98/EES/23/04	Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1140 - Halliburton/Dresser) ..... 3
98/EES/23/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1129 - Commercial Union/Berlinische) ..... 4
98/EES/23/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1218 - Packaging International/NV Koninklijke KNP BT) ..... 4
98/EES/23/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1211 - Magneti Marelli/Telespazio) ..... 5

98/EES/23/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1098 - Generali/AMB/Athena) .....	6
98/EES/23/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1112 - Advent International/EMI/WH Smith) .....	6
98/EES/23/10	Ný dagsetning á tilkynningu um samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1185 - Alcatel/Thomson CSF - SCS) .....	7
98/EES/23/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1020 - GE Capital/Sea Containers) .....	7
98/EES/23/12	Tilkynning um samning um umsjón með hljóð-vélrænum réttindum í Evrópu (Mál nr. IV/36.827 - Cannes-samningurinn) .....	8
98/EES/23/13	Tilkynning um staðlaða dreifingarsamninga (Mál nr. IV/37.067 - Belgacom) .....	8
98/EES/23/14	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 6/97 - Þýskaland .....	9
98/EES/23/15	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um rammaákvæði um svæðisbundna aðstoð til stórra fjárfestingarverkefna á ýmsum sviðum .....	9
98/EES/23/16	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki .....	10
98/EES/23/17	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 - Mál IV/F1/36.172 - ZVEI og Arge Bat .....	11
98/EES/23/18	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 um mál nr. IV/36.147 - EPI Code of Conduct .....	12
98/EES/23/19	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 - Mál nr. IV/C-3/36.964 - EECA + EIAJ .....	12
98/EES/23/20	Orðsending frá Hollandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni .....	13
98/EES/23/21	Tilkynning frá bresku ríkisstjórninni varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni .....	13
98/EES/23/22	Tilkynning frá frönsku ríkisstjórninni varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni .....	14
98/EES/23/23	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 27. 4. til 8. 5. 1998 .....	15
98/EES/23/24	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....	16
<b>3. Dómstóllinn</b>		
98/EES/23/25	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna .....	18
98/EES/23/26	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi .....	21

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1124 - Maersk Air/LFV Holdings)

98/EES/23/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. júní 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin LFV Holdings (LFV) og Maersk Air, sem bæði heyra undir samstæðuna AP Møller, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Novia sem mun annast flugafgreiðslu á flugvöllum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - LFV: flugafgreiðsla,
  - Maersk Air: flugfélag.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 181, 12. 6. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1124 - Maersk Air/LFV Holdings, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/JV.3 - BT/AirTouch/Grupo Acciona/Airtel)**

98/EES/23/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. júní 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin British Telecommunications plc, AirTouch International og Grupo Acciona S.A. öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Airtel Movil S.A.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - British Telecommunications: símafyrirtæki,
  - AirTouch International: símafyrirtæki,
  - Grupo Acciona: eignarhaldsfélag á sviði byggingastarfsemi, umhverfismála, fjarskipta og orkumála,
  - Airtel Movil: farsímafyrirtæki.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 181, 12. 6. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/JV.3 - BT/AirTouch/Grupo Acciona/Airtel, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjttíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni  
(Mál nr. IV/F-1/37.018 - Tamrock-Caterpillar)****98/EES/23/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. apríl 1998 tilkynning í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup> um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni myndað af Caterpillar Inc. (Bandaríkjunum) og Tamrock Corp. (Finnlandi). Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið mun hanna, setja upp, framleiða og markaðssetja vökvastýrða hamra í gröfur frá Caterpillar.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningarnir sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtið. EB nr. C 179, 11. 6. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 08) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/F-1/37.018, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate F  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1140 - Halliburton/Dresser)****98/EES/23/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. apríl 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup> þar sem fyrirtækið Halliburton Company öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins full yfirráð yfir fyrirtækinu Dresser Industries, Inc.
2. Í þessa tilkynningu vantaði ákveðnar grundvallarupplýsingar. Viðkomandi fyrirtæki hafa nú lagt fram tilskildar viðbótarupplýsingar. Tilkynningin varð fullnægjandi í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 þann 3. júní 1998. Tilkynningin öðlast því gildi 4. júní 1998.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 179, 11. 6. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1140 - Halliburton/Dresser, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13 frá 21. 2. 1962, bls. 204/62.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál nr. IV/M.1129 - Commercial Union/Berlinische)**

98/EES/23/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. maí 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Commercial Union plc (Commercial Union) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins ráðandi ítök í fyrirtækinu Berlinische Lebensversicherung AG (Berlinische), með kaupum á meirihluta hlutabréfa.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Commercial Union: alls kyns váttryggingastarfsemi, að undanskildum líftryggingum, og fjármálaþjónusta um allan heim,
  - Berlinische: líftryggingastarfsemi í Þýskalandi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 175, 9. 6. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1129 - Commercial Union/Berlinische, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
 Directorate-General for Competition (DG IV)  
 Directorate B - Merger Task Force  
 Avenue de Cortenberg 150  
 B-1040 Brussels

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál nr. IV/M.1218 - Packaging International/NV Koninklijke KNP BT)**

98/EES/23/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júní 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup> þar sem fyrirtækin CVC Capitals Partners B.V. (CVC) og CINVEN Group Limited (CINVEN) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir öllum pökkunarfyrirtækjunum í samstæðunni NV Koninklijke KNP BT (KNP BT pökkunarfyrirtækin), með kaupum á hlutabréfum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CVC: fjárfestingar- og ráðgjafarþjónusta,
  - CINVEN: hlutafjárstjórnun og ráðgjöf á sviði fjárfestinga,
  - KNP BT pökkunarfyrirtækin: pappírsvörur.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 177, 10. 6. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1218 - Packaging International/NV Koninklijke KNP BT, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

### **Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1211 - Magneti Marelli/Telespazio)**

**98/EES/23/07**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. maí 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Magneti Marelli, sem tilheyrir FIAT-samstæðunni öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Comnet, sem er eingöngu undir stjórn fyrirtækisins Telespazio í samstæðunni Telecom Italia, með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Magneti Marelli: bílaíhlutar, einkum vélbúnaður og öryggiskerfi,
  - Telespazio: gervihnattaþjónusta á sviði fjölmiðlunar, margmiðlunar og fjarskipta,
  - Comnet: fjarskiptabúnaður og farstöðvaþjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 175, 9. 6. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1211 - Magneti Marelli/Telespazio, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjttíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1098 - Generali/AMB/Athena)****98/EES/23/08**

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. 4. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1098. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1112 - Advent International/EMI/WH Smith)****98/EES/23/09**

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. 3. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1112. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763



**Ný dagsetning á tilkynningu um samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1185 - Alcatel/Thomson CSF - SCS)****98/EES/23/10**

Framkvæmdastjórninni barst 17. apríl 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Alcatel og Thomson CSF öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Société Commune de Satellites (SCS) með kaupum á hlutabréfum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni. Fyrirtækið Aérospatiale mun einnig eiga aðild að fyrirtækinu um sameiginlega verkefnið.

2. Að undangenginni rannsókn fór framkvæmdastjórnin fram á frekari upplýsingar sem hún taldi nauðsynlegar til þess að tilkynningin yrði fullnægjandi og lögðu viðkomandi aðilar þessar upplýsingar fram 18. maí 1998. Tilkynningin öðlaðist því gildi samdægurs samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 447/98.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1020 - GE Capital/Sea Containers)****98/EES/23/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. 4. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdu hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1020. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um samning um umsjón með hljóð-vélrænum  
réttindum í Evrópu  
(Mál nr. IV/36.827 - Cannes-samningurinn)**

98/EES/23/12

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. desember 1997 tilkynning í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup> um samning (svonefndur Cannes-samning) sem gerður var 13. nóvember 1997 milli sex stærstu tónlistarútgefenda og innheimtusamtaka á sviði vélrænna réttinda á Evrópska efnahagssvæðinu og í Sviss. Samningurinn miðar að skilvirkari umsjón með hljóð-vélrænum réttindum innan EES. Þetta felur í sér að smám saman verða umboðslaun samtakanna í tengslum við úthlutun á vélrænum einkaleyfum lækkuð. Þetta á að nást með raunverulegum sparnaði í kostnaði og aukinni skilvirkni.

Samningsaðilarnir hafa komið sér saman um að stöðva tímabundið beina skiptingu tekna af einkaleyfisþóknun sem leiðir af miðstýrðum einkaleyfissamningum, þar til að aðgerðum um aukna skilvirkni hefur verið hrundið í framkvæmd í samræmi við Cannes-samninginn, en ekki lengur en til 30. júní 2001.

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningurinn sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig. Í samræmi við 20. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 gildir þagnarskylda um slíkar athugasemdir.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtið. EB nr. C 172, 6. 6. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 70 81) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.827, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate C  
Office 3/171  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

**Tilkynning um staðlaða dreifingarsamninga  
(Mál nr. IV/37.067 - Belgacom)**

98/EES/23/13

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. maí 1998 tilkynning í samræmi við 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup> um staðlaða dreifingarsamninga sem belgíska fjarskiptafyrirtækið Belgacom ætlar að nota í tengslum við miðlun á símaþjónustu og dreifingu á talsímabúnaði í Belgíu.
2. Tilkynntir staðlaðir umboðssölusamningar fela í sér ákvæði um samkeppnisbann en umboðsaðilar sem einnig sjá um endursölu á búnaði eru hins vegar bæði bundnir af samkeppnisbanni og skyldu um einkakaup. Tilkynntu samningarnir gilda til þriggja ára með hugsanlegri framlengingu um hámark tvö ár.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningarnir sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13 frá 21. 2. 1962, bls. 204/62.

5. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjttíð. EB nr. C 171, 5. 6. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 70 81) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/37.067 - Belgacom, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate C  
Office 3/100  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1000 Brussel

Tölvupóstur: Laurence.de-Wit@dg4.cec.be  
Internet DG IV: <http://europa.eu.int/en/comm/dg04/dg4home.htm>

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 6/97**  
**Þýskaland**

**98/EES/23/14**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að útvíkka málsmeðferðina sem hafin var í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar sem Þýskaland veitti fyrirtækinu Dieselmotorenwerk Rostock GmbH, Mecklenburg-Vorpommern (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 169 frá 4. 6. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um rammaákvæði um svæðisbundna aðstoð til stórra fjárfestingarverkefna á ýmsum sviðum** **98/EES/23/15**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í kjölfar þess að Þýskaland neitaði að fallast á fyrrnefnd rammaákvæði sem framkvæmdastjórnin lagði til sem viðeigandi ráðstafanir samkvæmt 1. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 171 frá 5. 6. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
State Aid Directorate  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 95 79

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

## Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 98/EES/23/16 Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð vegna ráðninga á nýju starfsfólki til fyrirtækja í nýju ríkjunum, ríkisaðstoð nr. NN 107/97 (áður N 331/97) (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 146 frá 12. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð til að koma á fót rækjuvinnslustöð í Rostock, Hafengelände Ost, ríkisaðstoð nr. N 603/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 146 frá 12. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska áætlun um aðstoð vegna kostnaðar- nytjagreiningar á sjálfbærum dragnótarfiskveiðum sem stundaðar eru í atvinnuskyni, ríkisaðstoð nr. N 37/98 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 146 frá 12. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breska áætlun um aðstoð í þágu fiskiðnaðarins í Suðvestur Skotlandi innan ramma bandalagsfrumkvæðisins Pesca, ríkisaðstoð nr. N 85/98 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 146 frá 12. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð til að bjarga fyrirtækinu Case di Cura Riunite s.r.l., ríkisaðstoð nr. N 461/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 149 frá 15. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska áætlun um aðstoð vegna almennrar sölukynningar á vörum frá Cognac og Pineau des Charentes, ríkisaðstoð nr. N 203/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 156 frá 21. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska áætlun um aðstoð í formi tímabundinnar undanþágu frá sorpgjöldum til að forðast neikvæð áhrif á umhverfið, ríkisaðstoð nr. N 513/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 156 frá 21. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska áætlun um aðstoð í formi tímabundinnar undanþágu frá sorpgjöldum til að forðast neikvæð áhrif á umhverfið, ríkisaðstoð nr. N 754/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 156 frá 21. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska áætlun um aðstoð í formi tímabundinnar undanþágu frá sorpgjöldum til að forðast neikvæð áhrif á umhverfið, ríkisaðstoð nr. N 755/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 156 frá 21. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt finnska áætlun um aðstoð í þágu endurnýjanlegrar orku, ríkisaðstoð nr. N 741/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 156 frá 21. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð vegna endurskipulagningar á fyrirtækinu Stentex GmbH, ríkisaðstoð nr. N 754/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 156 frá 21. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska áætlun um aðstoð til að hvetja hollensk fyrirtæki til að taka þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum á sviði rannsókna og þróunar ásamt aðilum í iðnaðarlöndum og löndum þar sem markaðir eru í vexti, ríkisaðstoð nr. N 502/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 156 frá 21. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð vegna verkefna á sviði sjávarrannsókna, ríkisaðstoð nr. NN 19/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 156 frá 21. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð vegna endurskipulagningar á fyrirtækinu Gebrüder Leonhardt GmbH & Co., Sparte Blema Kircheis i. Gv., Aue, ríkisaðstoð nr. NN 157/97 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 156 frá 21. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danska áætlun um aðstoð vegna endurbóta og breytinga á fiskiskipum í samræmi við almenn tímabundin og endanleg markmið sem kveðið er á um fyrir sérhvern hluta fiskveiðiflotans í leiðbeiningunum til margra ára um þróun fiskveiða, ríkisaðstoð nr. N 74/98 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 156 frá 21. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breska áætlun um aðstoð til fiskiðnaðarins í Skotlandi (Aberdeenshire) innan ramma bandalagsfrumkvæðisins Pesca, ríkisaðstoð nr. N 147/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 156 frá 21. 5. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð vegna rannsókna og þróunar við evrópsku rannsóknarmiðstöðina European Center for Extremophile Biotechnology, enda hefur hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum, ríkisaðstoð nr. NN 19/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 159 frá 26.5.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska áætlun um aðstoð vegna fjárfestinga og rannsókna á vegum nýstofnaðra lítilla fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 520/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 159 frá 26.5.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breska áætlun um aðstoð til að hvetja til þess að lítil og meðalstór fyrirtæki nýti sér þá ráðgjafarþjónustu sem í boði er, ríkisaðstoð nr. N 616/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 159 frá 26.5.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð til að bæta markaðsskilyrði fyrir skógræktarvörur, ríkisaðstoð nr. N 578/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 159 frá 26.5.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð til styrktar nýjum, tæknilegum verkefnum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, einkum nýstofnuðum fyrirtækjum og rannsóknarstofnunum, ríkisaðstoð nr. N 418/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 159 frá 26.5.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska áætlun um aðstoð vegna stofnunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 809/97 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 159 frá 26.5.1998).

### **Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 - 98/EES/23/17 Mál IV/F1/36.172 - ZVEI og Arge Bat**

Framkvæmdastjórninni barst 31. júlí 1996 tilkynning um „síðari frjálsan samning“ sem framlengir samning frá 9. september 1988 um valfrjálsar ráðstafanir sem framleiðendur, innflytjendur og seljendur rafhlæða skulu gera. Í þessum nýja samningi skuldbinda fyrirtækin sem að tilkynningunni stóðu og aðildarfélög þeirra sig til að koma á fót förgunarkerfi, sem er aðskilið söfnunarkerfi fyrir heimilísúrgang, ekki aðeins fyrir rafhlöður sem innihalda mengandi efni, eins og verið hefur hingað til, heldur fyrir allar rafhlöður (sjá nánari upplýsingar í Stjtið EB nr. C 172, 6. 6. 1998).

Aðilarnir sem sendu tilkynninguna, Arbeitsgemeinschaft Batterien (Arge Bat), Fachverband Batterien (ZVEI) og Hauptverband des deutschen Einzelhandels (HDE), fara fram á við framkvæmdastjórnina að hún komist að þeirri niðurstöðu að nýi samningurinn falli utan gildissviðs 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans eða geti að öðrum kosti fengið undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr.

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart tilkynntum samningi. Áður en af því verður gefur hún þó öllum þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar, með tilvísun til IV/36.172 - ZVEI og Arge Bat, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate F - Capital and Consumer Goods Industries  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

**Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 98/EES/23/18  
um mál nr. IV/36.147 - EPI Code of Conduct**

Stofnunin Institute of Professional Representatives before the European Patent Office (EPI) tilkynnti 17. júlí 1996 framkvæmdastjórninni um starfsreglur sínar, eins og þeim var síðast breytt af ráði stofnunarinnar 7. maí 1996, og fór um leið fram á að mótmælum yrði ekki hreyft eða að öðrum kosti að undanþága yrði veitt frá banninu um samninga sem takmarka samkeppni.

Framkvæmdastjórnin sendi EPI aðvörunarbréf 18. desember 1996 þar sem meðal annars var skýrt frá því að ekki væri hægt að veita undanþágu.

EPI sendi framkvæmdastjórninni 3. apríl 1997 nýja útgáfu af starfsreglunum sem enn voru dæmdar ófullnægjandi. Að höfðu samráði við deildir framkvæmdastjórnarinnar lagði EPI 14. október 1997 fram nýja og breytta útgáfu af starfsreglunum (sjá nánari upplýsingar í Stjtið. EB nr. C 155 frá 20.5.1998).

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart breyttum starfsreglum EPI. Áður en af því verður gefur hún öllum þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar, með tilvísun til IV/36.147 - EPI Code of Conduct, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate C "Services"  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 295 30 80

**Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 98/EES/23/19  
Mál nr. IV/C-3/36.964 - EECA + EIAJ**

Þann 10. mars 1998 barst framkvæmdastjórninni beiðni um að ekki yrði gripið til aðgerða, í samræmi við 2. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, vegna þverfaglegs samnings milli European Electronic Component Manufacturers Association (EECA) og Electronic Industries Association of Japan (EIAJ) um gagnasöfnun og -viðhald í tengslum við minnskubba af gerðinni DRAM (Dynamic Random Access Memories) og EPROM-kubba með endurnýtanlegu lesminni (Flash EPROM) (sjá nánari upplýsingar í Stjtið EB nr. C 133, 30. 4. 1998).

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart samningunum. Áður en af því verður gefur hún öllum þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar, með tilvísun til IV/C-3/36.964 - EECA + EIAJ, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate IV/C-3  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**98/EES/23/20**

**Orðsending frá Hollandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni<sup>(1)</sup>**

**Lýst eftir umsóknum um leyfi til að leita að olíu og gasi á olíuleitarsvæði A 15**

Atvinnumálaráðherra Hollands tilkynnir að umsókn um leyfi til að leita að olíu og gasi hafi borist fyrir olíuleitarsvæði A 15, sbr. kortið í I. viðauka við reglugerð frá 1996 um leyfi fyrir olíu- og gasvinnslu á landgrunninu (Stjórnartíðindi Hollands nr. 93).

Með vísan til b-liðar 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994, um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni og 16. gr. a laga um námavinnslu á landgrunninu, lýsir atvinnumálaráðherra eftir umsóknum um leyfi til að leita að olíu og gasi á olíuleitarsvæði A 15.

Umsóknir merktar „persoonlijk in handen” skulu sendar innan 13 vikna frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB nr. C 169, 4. 6. 1998, á eftirfarandi heimilisfang:

Minister van Economische Zaken,  
‘ter attentie van de directeur Olie en Gas’,  
Bezuidenhoutseweg 6,  
NL-2594 AV, Den Haag,  
Nederland

Beiðnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina. Ákvörðun um leyfisveitingu verður tekin eigi síðar en níu mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Frekari upplýsingar fást í síma (31 70) 379 66 85.

**98/EES/23/21**

**Tilkynning frá bresku ríkisstjórninni varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni<sup>(1)</sup>**

Í samræmi við reglugerðir um jarðolíu (framleiðsla) (grunnsævi) frá 1988 og reglugerðir um framkvæmd tilskipunarinnar um leyfi til að leita að og vinna olíu og gas frá 1995 býður breski viðskipta- og iðnaðarráðherrann þeim sem áhuga hafa að sækja um vinnsluleyfi fyrir ákveðin olíuborunarsvæði sem 6. febrúar 1996 heyrðu ekki undir gildandi vinnsluleyfi og sem ekki hafa verið útilokuð frá þessari leyfislotu vegna verndunarsjónarmiða eða til að gæta hagsmuna annarra aðila sem stunda starfsemi sem tengist nýtingu sjávar (sjá nánari upplýsingar í Stjtið. EB nr. C 172 frá 6. 6. 1998).

Kort sem sýna olíuborunarsvæðin sem eru laus til umsóknar er að finna í bókasafni viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins: Department of Trade and Industry, 1 Victoria Street, London SW1H 0ET. Hægt er að fá aðgang að kortunum samkvæmt beiðni (sími +44 171 215 5006 eða +44 171 215 5007, bréfasími. +44 171 215 5665), milli kl 09 15 og 16 45 frá mánudegi til föstudags, til 11. september 1998.

Sótt skal um á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að fá hjá breska viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu. Umsóknareyðublöð og önnur gögn fást send samkvæmt beiðni til Licensing Branch, Oil and Gas Directorate, Department of Trade and Industry, 1 Victoria Street, London SW1H 0ET (sími +44 171 215 5111 eða 44 171 215 5032, bréfasími 44 171 215 5142). Tekið verður við umsóknum 10. og 11. september 1998 milli kl 09 30 og 12 00. Ekki verður fjallað um umsóknir sem berast eftir kl 12 00 11. september 1998.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 2.

**98/EES/23/22**

**Tilkynning frá frönsku ríkisstjórninni varðandi tilskipun  
Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir  
veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni<sup>(1)</sup>**

**Tilkynning um umsókn um einkanytjaleyfi til að leita að olíu eða jarðgasi á svæðinu  
Val des Maraies**

Fyrirtækið Coparex International, með aðalskrifstofu 135, rue Jean-Jacques Rousseau, F-92138 Issy-les-Moulineaux (Frakklandi), hefur með umsókn dags. 17. desember 1997, lagt fram beiðni um einkaleyfi til fimm ára til að leita að olíu og jarðgasi á sérleyfissvæðinu Val des Maraies, sem nær yfir u.þ.b. 841 ferkílómetra í Marne og Aube (sjá nánari upplýsingar í Stjttíð. EB nr. C 168 frá 3. 6. 1998).

Fyrirtækjum sem óska eftir að leggja fram umsókn vegna sama svæðis er heimilt að gera það innan 90 daga frá því að þessi tilkynning birtist í fyrrnefndum Stjórnartíðindum EB.

Frekari upplýsingar fást samkvæmt beiðni hjá:

Ministère de l'économie, des finances et de l'industrie  
Secrétariat d'État à l'industrie (Direction générale de l'énergie et des  
matières premières,  
Direction des hydrocarbures, service exploration-production)  
99, rue de Grenelle,  
F-75353 Paris 07 SP  
bréfasími: +33 1 43 19 31 22  
sími: +33 1 43 19 38 28.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 2.



**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu 98/EES/23/23  
á tímabilinu 27. 4. til 8. 5. 1998**

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu fjöldi
COM(98) 256	CB-CO-98-273-EN-C <sup>(1)</sup>	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um aðra breytingu á reglugerð (EB) nr. 45/98 um ákvörðun á heildarafla sem heimilt er að veiða úr tilteknum fiskistofnum og hópum fiskistofna árið 1998 og skilyrði fyrir veiðunum	27.4.1998	28.4.1998	6
COM(98) 265	CB-CO-98-281-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins um afstöðu bandalagsins gagnvart samráði og samningum um málefni á sviði umhverfisverndar er varða flug sem fjallað verður um á 32. aðalfundi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) þann 22. september til 2. október 1998 í Montreal	6.5.1998	6.5.1998	8
COM(98) 290	CB-CO-98-297-EN-C	Breytt tillaga að tilmælum ráðsins um kröfur sem gerðar eru til blóð- og blóðvökvagjafa og um skimun blóðs í Evrópubandalaginu	5.5.1998	6.5.1998	26
COM(98) 299	CB-CO-98-299-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um aðra yfirferð Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um almennar reglur fyrir innri markaðinn fyrir jarðgas	5.5.1998	6.5.1998	4
COM(98) 301	CB-CO-98-300-EN-C	Endurskoðuð tillaga að ákvörðun ráðsins um áætlun til margra ára um að efla endurnýjanlegar orkulindir í bandalaginu - Altener II	5.5.1997	6.5.1998	25
COM(98) 241	CB-CO-98-256-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins að því er varðar tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um gæði bensíns og dísilis og um breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE	6.5.1998	7.5.1998	15

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

98/EES/23/24

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjútíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjútíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjútíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
98-0146-NL	Forskriftir að þrýstihylkjum (M 0809 F/97-09)	3.7.1998
98-0148-FIN	Héraðsúrskurður um umbúðir og umbúðaúrgang	3.7.1998
98-0154-FIN	Lög um breytingu á lögum um smíði og búnað ökutækja	3.7.1998
98-0149-NL	Drög að úrskurði um breytingu á úrskurði um lífrænt halógen í eldsneyti	7.7.1998
98-0150-NL	Reglugerð um flatbotna Amsterdam-báta	7.7.1998
98-0151-NL	Fyrsta breyting á framkvæmdareglugerð um skilagjald fyrir heildsöluumbúðir 1997	7.7.1998
98-0152-DK	Tæknileg reglugerð um báta til útleigu	8.7.1998
98-0153-B	Konunglegur úrskurður um taxa vegna minna magns virku efnanna díúrons og símasíns sem annan valkost í stað umhverfisskatta	(4)
98-0124-L og 98/6003/L	Innlend reglugerð um framkvæmd á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang	24.6.1998
98-0131-NL	Breyting á reglum (NAKB) um skoðun á plöntutegundinni Freesia Klatt	26.6.1998
98-0147-F	Fyrirmæli og reglur um hollustuhætti í tengslum við almenn vatnsveitukerfi	3.7.1998
98-0156-D	Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum laga um kemísk efni	7.7.1998
98-0155-I	Reglugerð um reglubundið eftirlit með sjálfvirkum hitastigsmælitækjum	6.7.1998
98-0157-UK	Reglugerðir um vítamín B6 í matvælum (Stóra-Bretland) 1998 og reglugerðir um vítamín B6 í matvælum (Norður-Írland) 1998	9.7.1998
98-0158-P	Úrskurður um reglur um framleiðslu og sölu á smjör-líki og öðrum fitufleytiefnum	7.7.1998
98-0143-UK	Reglugerðir um ökutæki á vegum (smíði og notkun) (breyting) (nr. [ ] ) 199_.	1.7.1998
98-0128-NL	Breytingar á reglugerð um umbúðir og neytendavörur	24.6.1998
98-0161-NL	Gasknúnir strætisvagnar	9.7.1998
98-0163-D	Samþykkisforskrift TP 324 ZV 34 fyrir jarðstöðvar á skipum fyrir gagnafjarskipti á lágum bitahraða	16.7.1998

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
<b>98-0160-B</b>	Drög að konunglegum úrskurði um sérstök skilyrði fyrir því að fljúga vélknúnum físléttum flugvélum	<b>9.7.1998</b>
<b>98-0164-D</b>	Samþykkisforskrift TP 321 ZV 045 fyrir radsjármarkmagnara (radar target enhancers)	<b>16.7.1998</b>
<b>98-0166-D</b>	Samþykkisforskrift TP 324 ZV 17 fyrir radíótengisnið móðurstöðva í GSM 900 farsímaker-fum farsímaþjónustu jámbrauta (R-GSM)	<b>16.7.1998</b>
<b>98-0167-B</b>	Konunglegur úrskurður um breytingu á konunglegum úrskurði frá 24. apríl 1997 um öryggiskröfur um geymslu og söfnun skotvopna og -færa	<sup>(3)</sup>
<b>98-0168-UK</b>	Reglugerð um mælibúnað (fljótandi eldsneyti og smurefni) (breyting)	<b>22.7.1998</b>
<b>98-0159-F</b>	Drög að úrskurði um breytingu á gr. 30-OC í IV. viðauka við almennu skattalögin að því er varðar lyftur og sambærilegan búnað sem er sérstaklega hannaður fyrir hreyfihamlað fólk og fellur undir sérstakan lækkaðan virðisaukaskatt	<sup>(4)</sup>
<b>98-0169-E, 98/6006/E</b>	Drög að ráðherrafrýrmælum um sérstakt skilafé og auðkenningarmerki fyrir umbúðir sem settar eru á markaðinn samkvæmt geymslu-, endurgreiðslu- og skilafyrirkomulaginu sem um getur í lögum nr. 11/1997 frá 24. apríl um umbúðir og umbúðaúrgang	<b>22.7.1998</b>
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup> <sup>(5)</sup>		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EEB án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

<sup>(5)</sup> Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

# DÓMSTÓLLINN

## Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>

**98/EES/23/25**

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 17. mars 1998 í máli C-45/96 (beiðni um forúrskurð frá Bundesgerichtshof): Bayerische Hypotheken- und Wechselbank AG gegn Edgar Dietzinger (neytendavernd þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva - ábyrgðir).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 17. mars 1998 í máli C-387/96 (beiðni um forúrskurð frá Svea Hovrätt): sakamál á hendur Anders Sjöberg (löggjöf á sviði félagsmála sem varða flutninga á vegum - undanþága veitt ökutækjum sem yfirvöld nota í tengslum við opinbera þjónustu sem ekki keppir við einkarekna flutninga á vegum - skylda ökumanns að bera á sér útdrátt úr vaktlista).

Dómur dómstólsins frá 19. mars 1998 í máli C-1/96 (beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division): The Queen gegn Minister of Agriculture, Fisheries and Food, fyrir hönd: Compassion in World Farming Limited (34. og 36. gr. EB-sáttmálans - tilskipun 91/629/EBE - Evrópusáttmáli um verndun húsdýra í landbúnaði - tilmæli um nautgripi - útflutningur á kálfum frá aðildarríki þar sem kröfum um dýravernd er fullnægt samkvæmt sáttmálanum og tilmælunum - útflutningur til aðildarríkja sem fara að tilskipuninni en virða ekki staðlana sem kveðið er á um í sáttmálanum eða tilmælunum og heimila hámarksafkastarfyrirkomulag í dýrahaldi sem bannað er í útflutningsríkinu - magntakmarkanir á útflutning - full samræming - gildi tilskipunarinnar).

Mál C-63/98: Mál höfðað þann 2. mars 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Hollandi.

Mál C-68/98, C-69/98, C-70/98 og C-71/98: Beiðni um forúrskurð frá Arbeitsgericht Wiesbaden, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 27. febrúar 1998 í máli Urlaubs- und Lohnausgleichskasse der Bauwirtschaft gegn Duarte dos Santos Sousa (C-68/98), Urlaubs- und Lohnausgleichskasse der Bauwirtschaft gegn Santos & Kewtiz Construções Lda (C-69/98), Portugaia Construções Lda gegn Urlaubs- und Lohnausgleichskasse der Bauwirtschaft (C-70/98) og Engil Sociedade de Construção Civil S.A. gegn Urlaubs- und Lohnausgleichskasse der Bauwirtschaft (C-71/98).

Mál C-74/98: Beiðni um forúrskurð frá Østre Landsret samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 12. mars 1998 í máli DAT-SCHAUB a.m.b.a. gegn Ministeriet for Fødevarer, Landbrug og Fiskeri.

Mál C-75/98 P: Áfrýjað var þann 20. mars 1998 af Mario Costacurta dómi uppkveðnum þann 22. janúar 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild) í máli T-98/96 milli Mario Costacurta og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-76/98 P: Áfrýjað var þann 20. mars 1998 af Ajinomoto Co. Inc. dómi uppkveðnum þann 18. desember 1997 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fimmta deild með auknum fjölda dómara) í sameinuðum málum T-159/94 milli Ajinomoto Co. Inc. og ráðs Evrópusambandsins, með stuðningi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, og T-160/94 milli The NutraSweet Company og ráðs Evrópusambandsins, með stuðningi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-77/98 P: Áfrýjað var þann 20. mars 1998 af the NutraSweet Company dómi uppkveðnum þann 18. desember 1997 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fimmta deild með auknum fjölda dómara) í sameinuðum málum T-159/94 milli Ajinomoto Co. Inc. og ráðs Evrópusambandsins, með stuðningi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, og T-160/94 milli The NutraSweet Company og ráðs Evrópusambandsins, með stuðningi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Sjá Stjótt. EB nr. C 166, 30. 5. 1998.

Mál C-79/98: Mál höfðað þann 24. mars 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Belgíu.

Mál C-80/98: Beiðni um forúrskurð frá Sö- og Handelsret samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 18. mars 1998 í máli 3Com Corporation gegn Bluecom Danmark A/S og KISS Nordic A/S.

Mál C-94/98: Beiðni um forúrskurð frá Divisional Court, Queen's Bench Division samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 31. júlí 1997 í máli The Queen gegn The Licensing Authority Established by the Medicines Act 1968 (acting by the Medicines Control Agency), fyrir hönd: 1) Rhône-Poulenc Rorer Ltd og 2) May & Baker Ltd.

Mál C-95/98 P: Áfrýjað var þann 3. apríl 1998 af Edouard Dubois et Fils dómi uppkveðnum þann 29. janúar 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fimmta deild) í máli T-113/96 milli annars vegar Edouard Dubois et Fils SA og hins vegar ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-96/98: Mál höfðað þann 3. apríl 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-97/98: Beiðni um forúrskurð frá Pargas Tingsrátt samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 25. mars 1998 í máli Peter Jägerskiöld gegn Torolf Gustafsson.

Mál C-98/98: Beiðni um forúrskurð frá Divisional Court, Queen's Bench Division, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 31. júlí 1997 í máli Commissioners of Customs and Excise gegn Midland Bank plc.

Mál C-103/98 P: Áfrýjað var þann 14. apríl 1998 af Smanor SA, Hubert Ségaud og Monique Ségaud fyrirmælum dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fimmta deild) frá 16. febrúar 1998 í máli T-182/96 milli annars vegar Smanor SA, Hubert Ségaud og Monique Ségaud og hins vegar framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-109/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal Administratif de Dijon samkvæmt dómi þess dómstóls frá 24. mars 1998 í máli CRT France International SA gegn Directeur Régional des Impôts de Bourgogne.

Mál C-50/97 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank te Almelo): Jan Blauw o.fl. gegn Gavema BV.

Mál C-251/96 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Rovigo): Sakamál á hendur Giuseppe Cordella.

Mál C-224/96 tekið af málaskrá: Promotion Léopold SA gegn Evrópuþinginu.

Mál C-91/97 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Bundessozialgericht): Arif Altiney gegn Bundesanstalt für Arbeit.

Mál C-142/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-305/95 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Cour du Travail, Mons): Université Catholique de Louvain gegn Francine Plapied og Danielle Gallez.

Mál C-325/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-238/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Spáni.

Mál C-146/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-56/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-339/95 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division, Commercial Court): Compagnia di Navigazione Marittima o.fl. gegn Compagnie Maritime Belge o.fl.

Mál C-310/96 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Hollandi.

Mál C-264/97 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Tribunale Amministrativo per la Sardegna): Società Appia Srl gegn Comune di Cagliari og Società Appia Srl gegn Comune de Cagliari og Società Cagliari Calcio SpA.

Mál C-352/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-353/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-101/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-286/96 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

**Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi<sup>(1)</sup> 98/EES/23/26**

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 31. mars 1998 í máli T-129/96: Preussag Stahl AG gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (aðstoð við stáliðnaðinn - tilkynning um fyrirhugaða aðstoð - gildistími viðkomandi ákvæða í lögum KSE um aðstoð útrunninn - veiting áformaðrar aðstoðar - ákvörðun um að aðstoðin samrýmist ekki gildandi reglum og fyriræli um endurgreiðslu - lögætar væntingar).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 24. mars 1998 í máli T-175/94 (92): International Procurement Services SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (kostnaðarákvörðun).

Mál T-316/97: Mál höfðað þann 15. desember 1997 af Hermínia Fernanda dos Santos Morais Antas gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-317/97 til T-508/97: Mál höfðað þann 15. desember 1997 af David Manuel de Abreu o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-509/97 til T-517/97: Mál höfðað þann 15. desember 1997 af Maria de Lurdes Esteves Afonso og Ana Paula Afonso Lourenço de Oliveira o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-518/97 til T-564/97: Mál höfðað þann 15. desember 1997 af Fernando Eugénio de Abreu o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-565/97 til T-595/97: Mál höfðað þann 15. desember 1997 af João Luís de Sousa Abreu o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-45/98: Mál höfðað þann 11. mars 1998 af Krupp Thyssen Stainless GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-53/98: Mál höfðað þann 1. apríl 1998 af hollensku Antillaeyjum gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-54/98: Mál höfðað þann 1. apríl 1998 af Aruba gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-56/98: Mál höfðað þann 3. apríl 1998 af VTech Electronics (UK) plc gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 166, 30. 5. 1998.